

**Ed.**

**108. Frumvarp til laga**

**[96. mál]**

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

**1. gr.**

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð  $3\frac{1}{2}\%$  af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að  $2\%$  renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og  $1\frac{1}{2}\%$  rennur í ríkissjóð.

**2. gr.**

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs  $1\%$  af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975 og gilda til loka þess árs.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi  $1\frac{1}{2}\%$ , á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með bráðabirgðalögum nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil, sem innheimta skyldi launaskatt þennan, framlengt til 31. desember 1971. Með lögum nr. 96 27. desember 1971, um breyting á lögum um almannatryggingar, var ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. lið. Með lögum nr. 104 31. desember 1972, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt, var ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1973. Með lögum nr. 101 21. desember 1973, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt, var ákveðið að skattur þessi skyldi einnig innheimtur á árinu 1974. Með lögum nr. 63 30. apríl 1973 var gerð breyting á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 104 31. desember 1972, og fólst í þeirri breytingu að launaskatt fyrir árið 1973 skyldi ekki greiða af tekjum sjómanna á fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna. Með lögum nr. 10 22. mars 1974 var ákveðið að frá 1. apríl 1974 til loka ársins 1974 skyldi fjárhæð almenns launaskatts nema  $3\frac{1}{2}\%$ , þar af skyldu 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag en  $1\frac{1}{2}\%$  renna í ríkissjóð. Með frumvarpi þessu er lagt til að sami háttur verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1975 og var árið 1974 þannig, að skatturinn verði  $3\frac{1}{2}\%$  og renni 2% til Byggingarsjóðs ríkisins en  $1\frac{1}{2}\%$  til ríkissjóðs. Þá er lagt til að launaskattur verði ekki greiddur af tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, og er þetta í samræmi við 17. gr. laga nr. 10 22. mars 1974.

2. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 18. gr. l. nr. 10 22. mars 1974 og felur í sér að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Fyrirhuguð er breyting á gjöldum þeim er launagreiðendum hefur verið gert að greiða ríkissjóði og Tryggingastofnun ríkisins vegna starfsmanna sinna. Er ætlunin að sameina hin ýmsu gjöld í einn skatt. Af þessari ástæðu þykir rétt að gildistími frumvarpsins verði aðeins eitt ár.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1975 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.